



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Árskýrsla háskólabrúar og ÍAK fyrir árið 2015



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs



Nemendur



Fjöldi umsækjenda á Háskólabrú og í ÍAK árið 2015

Námsleið:	Fjöldi	
	Vorönn	Haustönn
HBR	168	152
ÍAK	29	128

Hér að neðan er að finna töflu sem inniheldur fjöldatölur nemenda og meðalaldur þeirra. Þetta eru nemendur á Háskólabrú (HBR) og í ÍAK Einka- og styrktarþjálfaranámi (ÍAK) vor- og haustönn 2015.

Námsleið:	Fjöldi		Meðalaldur	
	Vorönn	Haustönn	Vorönn	Haustönn
Háskólabrú staðnám á Ásbrú	73	93	31	28
Háskólabrú staðnám á Akureyri	21	0	35	0
Háskólabrú fjarnám	151	105	31	30
ÍAK Einka- og styrktarþjálfaranám	75	75	31	26

Hér má sjá kynjahlutfall á HBR og í ÍAK, en konur eru enn í meirihluta á báðum brautum.



Nemendur Keilir koma víða að en hér að neðan er finna töflu sem sýnir búsetu nemenda eftir landshlutum en flestir nemenda eru búsettir á Höfuðborgarsvæðinu.

Landshlutar:	Vorönn		Haustönn	
	HBR	ÍAK	HBR	IAK
Austurland	1,10%	2,22%	2,5%	0,0%
Erlendis	1,99%	5,56%	3,5%	3,3%
Höfuðborgarsvæðið	33,14%	57,78%	56,6%	56,0%
Norðurland	34,00%	7,78%	0,5%	4,4%
Reykjaneskagi	24,62%	16,67%	29,3%	12,1%
Suðurland	3,83%	4,44%	4,0%	11,0%
Vesturland	1,32%	5,56%	3,5%	13,2%

Brotthvarf nemenda milli anna bæði á Háskólabrú og í ÍAK hefur verið frá 0-4% síðan 2012, en markmið okkar er að vera undir 5%. Við teljum þetta vera vegna góðrar eftirfylgni með nemendum meðan þeir eru í náminu.

Árið 2015 útskrifuðust 149 nemendur af Háskólabrú og 56 af ÍAK.

Nám

Boðið er upp á fjórar deildir á Háskólabrú: Félagsvísinda- og lagadeild, Hugvísindadeild, Viðskipta- og hagfræðideild og Verk- og raunvísindadeild. Lengd námsins fer eftir því hvaða deild er valin. Þannig tekur námið tvær annir fyrir þá nemendur sem ætla sér að stunda nám á öllum deildum nema verk- og raunvísindadeild en námið er þrjár annir fyrir þá nemendur sem ætla sér að stunda nám í verk- eða raunvísindum.

Boðið er upp á staðnám á Háskólabrú hjá Keili á Ásbrú og Háskólabrú í fjarnámi á fullum hraða og á hálfum hraða og þá með vinnu. Kennsla fer fram í dagskóla og kennslufyrirkomulag er í formi fyrirlestra, verkefna- og dæmatíma ásamt verklegum tímum í raungreinum.

ÍAK býður upp á tvær leiðir í þjálfun; ÍAK einkaþjálfun og ÍAK styrktarþjálfun. Námléiðirnar hafa sama grunn sem kenndur er á fyrri önn námsbrautanna en á þeim síðari er skipt í sérhæfingu með almenna líkamsþjálfun (lýðheilsu) annars vegar og í sérhæfða líkamsþjálfun íþróttafólks (styrktarþjálfun). Námið er 60 feiningar og er kennt í lotum með vendikennslu formi, sem er bland af netfyrirlesturum og kennslu í stofu eða líkamsræktarsölum.

Kennsla og stjórnun

Hjá Keili starfa 50-60 kennarar á hvorri önn, 1 framkvæmdastjóri, 1 fjármálastjóri, 4 forstöðumenn, 2 kennslustjórar, 2 námsráðgjafar sem einnig sinna prófstjórn, 1

bókasafnsfræðingur, 2 umsjónarmenn tölvumála, 1 húsvörður og 1 einn ræstitæknir. Heildarfjöldi starfsmanna hjá Keili er að jafnaði 95. Þess má geta að þetta er heildarfjöldi starfsmanna hjá Keili en ekki einungis þeir sem koma að starfssemi Háskólabrúar og ÍAK náms.

Kennsluhættir

Keilir hefur ákveðið að leggja áherslu á svokallað vendináám (flipped classroom). Með því er átt við að hefðbundinni kennslu er snúið við. Fyrirlestrar og kynningar kennara eru vistuð á netinu. Nemendur geta horft/hlustað á kynningarnar eins oft og þeim sýnist. Þá geta nemendur sent spurningar um efnið til kennara (eða annarra nemenda í hópnum) og fá svör á netinu sem allir sjá. Þá eru nemendur hvattir til að nota netið til að finna heppilegt kennsluefni. Kennslustundir verða fyrir vikið öðruvísi. Þar vinna nemendur verkefni, oftast saman í hóp, og kennarar aðstoða eftir þörfum við úrlausnir. Þar sem þetta form hefur verið reynt virðist lærdómurinn verða lifandi ferli sem virkjar nemendur á skemmtilegan hátt.

Námsmat

Lögð er áhersla á að hafa fjölbreytilegt námsmat í öllum deildum Keilis. Það er kennari í samráði við deildastjóra sem tekur ákvörðun um með hvaða hætti hann prófar úr námsefninu. Prófafyrirkomulag skal þó liggja fyrir í upphafi annar í kennslulýsingu.

Mat

Gæðaráð heyrir undir framkvæmdastjórn Keilis og vinnur eftir meginmarkmiðum þess og samkvæmt gæðahandbók Keilis. Gæðaráð sér aðallega til þess að innri úttektir séu framkvæmdar og niðurstöðum sé skilað til gæðaráðs, sem heldur til haga öllu sem við kemur gæðamálum hjá Keili. Um miðja hverja önn metur gæðaráð hvort markmiðum sé fylgt eftir og frávikum sé lokað.

Megin verkefni gæðaráðs Keilis eru:

- Hefur umsjón með framkvæmd á innri úttektum.
- Setur gæðamarkmið Keilis í samráði við framkvæmdastjórn.
- Innra eftirlit með daglegum rekstri Keilis.
- Starfsmannastefna.
- Starfsmannamál.
- Gæðastefna og uppfærsla á gæðahandbók.
- Úrvinnsla á niðurstöðum úttekta.
- Tillögur til úrbóta við framkvæmdastjórn.
- Tryggja gæði náms.

Litið er á gæðastjórnun skólans sem lið í daglegum rekstri hans. Í Keili er unnið að því að bæta gæði skólastarfsins með hliðsjón af eftirfarandi gæðamarkmiðum.

Gæðastefna Keilis

Gæðastefna Keilis er sett undir forystu framkvæmdastjóra Keilis. Hann ber ábyrgð á því að gæðastefnan sé í samræmi við markmið og starf Keilis. Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að gæðastefnunni sé viðhaldið.

Gæðastefna Keilis er birt á sérstöku skjali og er einnig aðgengileg í Handbók Keilis, sem er vistuð á innri vef skólans.

Hlutverk Keilis er að veita nemendum sínum og viðskiptavinum sem besta þjónustu. Lögð er áhersla á að skapa sem heilbrigðast umhverfi fyrir nemendur og starfsfólk þannig að allir geti sinnt hlutverki sínu innan fyrirtækisins – hvort heldur er í námi eða annarri vinnu.

Sérstakt gæðaráð skal leitast við að starfssemin taki sem mest mið af markmiðum starfsseminnar. Í því skyni stuðlar gæðaráð að innra eftirliti, ytri úttektum sem og tillögum til úrbóta eftir því sem kostur er. Skal stöðugt leitað eftir samstarfi nemenda og starfsfólks í þessu skyni. Unnið er á grundvelli laga um framhaldsskóla 92/2008 með síðari breytingum sem og samningi Keilis við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Gæðaráð er skipað fjórum einstaklingum, völdum af framkvæmdastjóra.

Samkvæmt gæðastefnu Keilis skal stöðugt leitast við að:

- Halda uppi skýru og reglulegu innra eftirliti með úttektum og tengja við gæðastjórnun Keilis. Leita jafnframt eftir ytra eftirliti sem þjóna megi markmiðum gæðastefnu.
- Safna sem gleggstum upplýsingum um árangur af skólastarfi, þ.m.t. árangur á prófum, umsögnum um kennara og starfsfólk, árangur nemenda að námi loknu, líðan nemenda og starfsfólks í skólanum og annað það sem kann að þjóna gæðamarkmiðum.
- Endurskoða reglulega gæðamarkmið.
- Taka út reglulega styrkleika og veikleika í starfinu.
- Sjá til þess að öllum markmiðum, s.s. um fjölskyldustefnu, samfélagsábyrgð, umhverfisstefnu og fjárhagslega ábyrgð sé fylgt.
- Tryggja að starf Keilis sé í samræmi við lög, reglugerðir og samninga er snerta starfið á einhvern hátt og sjá til þess að réttindi allra séu virt.
- Gagnkvæm virðing sé ráðandi í umgengni þeirra er starfa og nema innan Keilis.
- Setja ný markmið um aukna þjónustu.



Innri úttektir árið 2015

	Haustönn 2014	Vorönn 2014	Næsta skólaár	Úttektaraðili
Kennsla og kennsluhættir	x	x		Kennslusvið
Skráningarbrottfall	x	x		Kennslusvið/fjármálasvið
Einkunnadreifing	x	x		Inna
Líðan nemenda		x		Gæðaráð
Móttaka nýs starfsfólks		x		Gæðaráð
Notkun á heimasíðu skólans		x		Gæðaráð
Notkun nemenda á mötuneytinu		x		Gæðaráð
Starfsmannasamtöl		x		Næsti yfirmaður
Aldur, kyn og búseta nemenda	x	x		Kennslusvið
Úttekt á stöðu eigna		x		Húsnæðissvið
Gera upp sjálfsmatsáætlun, markmiðssetning		x		Framkvæmdastjórn
Náms- og starfsgengi nemenda sem útskrifaðir eru		x		Deild
Íbúakönnun		x		Húsnæðissvið
Gæðakönnun fyrir flugakademíu	x	x		Flugakademía
Sjálfsmatsskýrsla deilda		x		Deild
Mat á prófum (á þó ekki við í flugakademíu)	x	x		Kennslusvið / Deild
Ánægjukönnun starfsfólks Keilis	x			Gæðaráð

Sjálfsmatsskýrslur gæðaráðs má finna á heimasíðu Keilis.

Samstarf við aðra

ÍAK

- ÍAK á í samstarfi við tvær líkamsræktarstöðvar; World Class og Sporthúsið. samstarfið felst í að nemendur og kennarar ÍAK fá aðgang að öllum stöðvum fyrirtækjanna á meðan á námi stendur án endurgjalds.
- Einnig er samstarf við Heilsuþjálfun ehf á Akureyri, þar sem kennsla ÍAK einkaþjálfara fyrir norðurland fer fram. Fyrirtækið útvegar kennslusali og kennara.
- Símei á Akureyri hýsir próftökur ÍAK og útvegar sal til námskynninga og útskriftarathafna ÍAK einkaþjálfara á norðurlandi.
- ÍAK hefur í gegn um fagsamtökin National Strength and Conditioning Association (NSCA) sótt marga erlenda fræðimenn á sviði þjálfunarfræða og næringarfræða til kennslu í námsbrautum skólans en einnig til að halda fyrirlestra og stök námskeið fyrir starfandi einkaþjálfara.
- ÍAK er í umsóknarferli fyrir evrópska gæðavottun á námsbrautina í einkaþjálfun, EHFA sem er samþykkt sem EQAVET vottun. Búist er við að ÍAK verði komin með vottunina á haustönn 2015.



Háskólabrú

- Háskólabrú hefur verið í nánu samstarfi við Háskóla Íslands með undirritun samstarfssamnings milli skólanna. Fagráð Háskólabrúar er skipað 2 fulltrúum Háskólabrúar og 3 fulltrúum Háskóla Íslands.
- Nám á Háskólabrú hefur verið samþykkt hjá öllum háskólum hérlendis.
- Þétt samstarf er á milli Háskólabrúar og símenntunarstöðva sem eru víðs vegar um landið. Sérstaklega er náið samstarf milli Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS), Mímir símenntun í Reykjavík og Símei (símenntunarstöð Eyjafjarðar). Árið 2009 undirbjó Keilir námsleið í samstarfi við MSS er heitir Menntastoðir sem er undirbúningur fyrir nám á Háskólabrú. Fleiri símenntunarstöðvar hafða tekið upp þessa námsleið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur sett þessa námsleið inn í kennsluskrá sína. Frá árinu 2010 hefur HBR verið með nemendur í staðnámi í samstarfi við Símei. Einnig hafa fjarnemar á Háskólabrú nýtt aðstöðu fræðslumiðstöðvanna víðs vegar um landið til að taka próf. Starfsfólk Háskólabrúar heimsækir reglulega aðila fræðslumiðstöðva og tekur sömuleiðis á móti þeirra starfsfólki. Einnig hafa nemendur Menntastoða símenntunarstöðvanna komið reglulega á kynningar á Háskólabrú.
- Háskólabrú er í góðu samstarfi við endurhæfingar stöðvar eins og Hringsjá og Virk þar sem skjólstæðingar þeirra hafa komið reglulega til okkar í námskynningar.
- Háskólabrú hefur verið í samstarfi við Vinnumálastofnun um námsleiðir fyrir skjólstæðinga þeirra
- Háskólabrú tekur þátt í alþjóðlegu Erasmus verkefni um vandinám. Keilir stýrir því verkefni og taka margir kennarar á Háskólabrú þátt í því verkefni ásamt skólum og stofnunum frá 5 þjóðríkjum. Verkefnið á að klárast 2017 þar sem vandinám sem kennsluáferð er skoðuð frá ýmsum sjónarhornum og afurð verkefnisins verður m.a handbók um vandinám.
- Starfsfólk Háskólabrúar hefur tekið á móti fjölda af kennurum og skólafólki í Keili vegna áhuga þeirra á vandinámi og skipulagi þeirrar kennsluáferðar hér á Háskólabrú. Skiptir fjöldi áhugasams skólafólks sem okkur hafa heimsótt hundruðum. Enda höfum við verið leiðandi hér á landi hvað varðar vandinám.
- Starfsfólk Háskólabrúar hefur verið eftirsótt sem fyrirlesarar og til að halda námskeið um vandinám.
- Hér á Suðurnesjum hefur Keilir verið stuðningsaðili við skóla á svæðinu vegna vandináms
- Háskólabrú sendir öllum útskrifuðum nemendum eftirfylgni könnun á annarri önn eftir útskrift. Þar er haldið til haga mikilvægum upplýsingum um hvert nemendur halda í háskólanám hvað þeir eru að nema og hvernig þeim finnst þeir vera undirbúnir. Þessar kannanir hafa verið mikilvægur þáttur í gæðastarfi Háskólabrúar.
- Um miðjan apríl n.k hefur Háskólabrú boðið öllum útskrifuðum nemendum á Háskólabrú til endurfundar (reunion) hér í Keili, en þeir eru yfir 1300.